

Úrskurður aga- og úrskurðarnefndar KSÍ

Árið 2025, miðvikudaginn 17. september, er fundur haldinn í aga- og úrskurðarnefnd KSÍ á skrifstofu Knattspyrnusambands Íslands í Laugardal, Reykjavík, af nefndarmönnum Þresti Ríkharðssyni, Jónu Benný Kristjánsdóttur og Andra Val Ívarssyni

Fyrir er tekið málið nr. 10/2025:

Keflavík f.h. RKVN

gegn

KR

Gögn málsins liggja frammi og kveðinn er upp svofelldur

ÚRSKURÐUR:

I. Aðild:

Kærandi:

Keflavík f.h. sameinaðs liðs RKVN

Kærði:

KR

Skrifstofu KSÍ barst kára með tölvupósti frá kæranda kl. 10:28 þann 10. september og var móttækin af skrifstofu KSÍ samdægurs.

II. Kröfur:

Kærandi krefst þess aðallega að leikur RKVN og KR í undanúrslitum í Íslandsmóti 4. flokks kvenna B-liða, sem fram fór þann 9. september 2025 verði endurtekinn.

Til vara krefst kærandi þess að úrslitum leiksins verði breytt og RKVN úrskurðaður 3-0 sigur.

III. Málsatvik:

Mál þetta varðar leik RKVN gegn KR sem fór fram í úrslitakeppni 4. flokks kvenna B-liða þann 9. september 2025 og lauk með 1-2 sigri KR.

Kærandi vísar í kæru sinni til þess í kæru sinni að kærði hafi teft fram ólöglegum leikmanni þar sem einn leikmaður liðsins í umræddum leik sé einn af 11 leikjahæstu leikmönnum A-liðs félagsins. Kærandi kveðst hafa tekið leikmenn út með vísan til reglu gr. 7.5.4 reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót. Vísað er til leikskýrslu leiksins og leikjaferils Eddu Regínu Stefánsdóttur, sem sýni að hún hafi verið í byrjunarliði A-liðs KR í Íslandsmóti í 13 leikjum af 15 og aldrei spilað með B-liði.

Eftir að kára barst skrifstofu KSÍ breytti kærandi aðalkröfu sinni á þann veg að leikur yrði leikinn aftur og gerði fyrri kröfu sína um 3-0 sigur að varakröfu. Kærði hefur aðeins vísað til þess í samskiptum að þjálfarar félaganna telji rétt að leikurinn fari fram að nýju og beðist velvirðingar á mistökum við uppstillingu liðsins í umræddum leik.

IV.

Málsástæður kæranda:

Kærandi byggir kröfur sínar á því kærði hafi teflt fram ólöglegum leikmanni í úrslitakeppni 4. flokki kvenna B-liða þar sem leikmaður liðsins, Edda Regína Stefánsdóttir hafi verið meðal byrjunarliðsmanna þrátt fyrir að vera ein af 11 leikjahæstu leikmönnum A-liðs kærða. Kærandi vísar til gr. 7.5.4 í reglugerð KSÍ um knattspyrnumót.

Kærandi kveður umræddan leikmann hafa spilað 13 af 15 leikjum A-liðs félagsins sem geri hana að 6. leikjahæsta leikmanni A-liðsins, auk þess sem hún hafi ekki spilað leik með B-liði á tímabilinu fyrr en í hinum kærða leik.

V.

Málsástæður kærða:

Málatilbúnaður kærða verður ekki skilinn á annan veg en að hann gangist við því að lið kærða hafi verið ólöglega skipað í umræddum leik. Kærði hefur vísað til þess að þjálfarar félaganna séu sammála um að leika leikinn aftur ásamt því að biðjast afsökunar á mistökum við uppstillingu liðsins.

VI.

Niðurstaða:

Mál þetta varðar reglur um hlutgengi leikmanna og hvort kærði hafi stillt upp ólöglegu liði. Í gr. 7.5.4 reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót kemur eftirfarandi fram:

„Í úrslitakeppni í 3. og 4. aldursflokki karla og kvenna er heimilt að tefla fram í hverju liði leikmönnum sem ekki eru á meðal þeirra 11 leikmanna sem byrjað hafa flesta leiki liða í Íslandsmóti sem eru ofar í keppnisröð í sama aldursflokki. Ef ekki er ljóst hvaða 11 leikmenn hafa leikið flesta leiki, þar sem tveir eða fleiri hafa leikið jafn marga leiki, þá eru þeir leikmenn allir óhlutgengir. Áður en leikur hefst skal forráðamaður heimaliðs afhenda dómara útfyllta leikskýrslu með númerum og nöfnum þeirra leikmanna sem hefja eiga leik, auk tilnefndra varamanna og nöfnum liðstjórnar.“

Samkvæmt leikskýrslu umrædds leik var Edda Regína Stefánsdóttir meðal byrjunarliðsmanna í undanúrslitaleik RKVN gegn KR sem fram fór 9. september sl. í 4. flokki kvenna B-liða. Samkvæmt leikjaferli leikmannsins hefur hún leikið 13 af 15 leikjum A-liðs kærða og er meðal 11 leikjahæstu leikmanna A-liðsins. Þá hafði leikmaðurinn samkvæmt leikjaferli ekki leikið með B-liðum fyrr á tímabilinu. Telur aga- og úrskurðarnefnd því ljóst að þátttaka umrædds leikmanns í leiknum hafi brotið í bága við framangreint ákvæði og að kærði hafi mætt til leiks með ólöglega skipað lið.

Félögin virðast í máli þessu hafa gert tilraun til að koma sér saman um að spila umræddan leik að nýju. Hlutverk aga- og úrskurðarnefndar er að úrskurða um þau mál sem koma upp innan vébanda KSÍ og skal byggja niðurstöður sínar á lögum og reglugerðum KSÍ. Málsaðilar geta þ.a.l. ekki komið sér saman um niðurstöðu máls sem samrýmist ekki lögum og reglugerðum KSÍ. Þegar af þeim sökum ber að vísa aðalkröfu kæranda frá.

Aga- og úrskurðarnefnd hefur ekki heimild til þess að verða við kröfum aðila að þessu leyti þar sem gr. 36.1 reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót er skýr um viðurlög þess að lið mæti ólöglega skipað til leiks.

Með vísan til alls framangreinds og til gr. 36.1 reglugerðar KSÍ um knattspyrnumót telst KR hafa tapað umræddum leik 3-0 og skal greiða sekt til KSÍ að fjárhæð kr. 75.000,-.

VII. Úrskurðarorð:

Aðalkröfu kæranda um að leikur RKNV gegn KR í úrslitakeppni 4. flokks kvenna verði leikinn aftur er vísað frá.

Úrslitum úr leik RKNV gegn KR í úrslitakeppni 4. flokks kvenna B-liða sem fram fór á gervigrasinu við Nettó-höllina í Reykjanesbæ þann 9. september 2025 er breytt og RKNV úrskurðaður 3-0 sigur í leiknum.

Knattspyrnudeild KR skal greiða sekt til KSÍ að fjárhæð kr. 75.000,-.

Þröstur Ríkharðsson [sign]

Jóna Benný Kristjánsdóttir [sign]

Andri Valur Ívarsson [sign]

Um fresti vegna áfrýjunar:

Samkvæmt gr. 17.3 í reglugerð KSÍ um aga- og úrskurðarmál er frestur til að áfrýja máli til áfrýjunardómstóls KSÍ 3 dagar frá því að úrskurður aga- og úrskurðarnefndar er kveðinn upp og skulu almennir frídagar ekki taldir með. Áfrýjun mála frestar réttaráhrifum úrskurðar að undanskildum tilvikum þar sem um er að ræða sjálfkrafa leikbönn, sbr. gr. 17.4 reglugerðar KSÍ um aga- og úrskurðarmál.